

Dómkröfur stefnanda verða því teknar til greina með kr. 11.448,33 og vöxtum eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 10.500,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ólafi Pálssyni húsasmíðameistara og Guðmundi Hjálmarssyni tæknifræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Birna Bjarnadóttir, greiði stefnanda, Friðrik Hafberg, kr. 11.448,33 með 34% ársvöxtum frá 22. júní 1982 til 16. nóvember 1982, en 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13. apríl 1983, en dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 10.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1985.

Nr. 172/1982. **Simon Björnsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Guðmundi Gestssyni

(Jón Finnsson hrl.)

og **Jóni Tómassyni**

(Garðar Garðarsson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 2. september 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 250.000,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní

1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi þess, að staðfest verði kyrrsetning sem fram fór hinn 9. nóvember 1978 á fasteign stefnda Guðmundar Gestssonar að Brekkustíg 21 í Njarðvík.

Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann lækkunar á kröfum áfrýjanda og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Stefndi Jón krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Verður kröfu hans um málskostnað í héraði því vísað frá Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi kröfur sínar ekki á því, að stefndu beri ábyrgð á tjóni hans samkvæmt 67. gr., sbr. 69. gr. umferðarlaga.

Áfrýjanda var kunnugt um ástand ámokstursvélarinnar. Var vélin notuð í námunni við rætur Stapafells eingöngu til að moka lausu efni á bifreiðar og þá aðeins ekið á sléttu svæði og mjög stuttar vegalengdir, 5-10 metra. Kveður áfrýjandi þá ekki hafa reynt á hemlana, enda annar búnaður vélarinnar notaður til að hemla, svo sem hann hafði vanist. Verður að telja, að áfrýjandi hafi farið út fyrir starfssvið sitt, er hann fór í vélinni upp í Stapafell. Þykir hann með því jafnframt hafa sýnt af sér slíkt gáleysi og stofnað sér í svo mikla hættu, að hann verði að bera tjón sitt sjálfur.

Verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Framangreindri málskostnaðarkröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 4. desember 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. nóvember sl., hefur Símon Björnsson verkstæðismaður, Suðurvöllum 14, Keflavík, höfðað á hendur Guðmundi Gestssyni vinnuvélastjóra, Brekkustíg 21, Njarðvík, með stefnu, birtri í 88. tbl. Lögbirtingablaðsins, 16. nóvember 1978 (stefndi þá talinn vera með óþekkt heimilisfang í Noregi), og með framhaldsstefnu, birtri 19. desember 1979. Með sakaukastefnu, birtri 24. september 1980, er málið einnig höfðað á hendur Jóni Tómassyni umboðsmanni, Vatnsnesvegi 11, Keflavík.

Í frumstefnu segir, að stefnukrafa, gkr. 5.000.000, sé áætluð, enda hafi enn eigi verið unnt að meta örorku stefnanda vegna slyssins. Hinn 9. nóvember 1978 var gert löghald í húseign stefnda Guðmundar Gestssonar, Brekkustíg 21, Njarðvík, til tryggingar nefndri kröfu auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 250.000,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 25. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og staðfestingar á löghaldi í fasteigninni Brekkustíg 21, Njarðvík, gerðu 9. nóvember 1978. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Bótakrafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

1. Vinnutekjutap	kr. 200.000,00
2. Bætur fyrir óþægindi, sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum	— 50.000,00
	<hr/>
	Samtalskr. 250.000,00

Af hálfu stefnda Guðmundar Gestssonar eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda Jóns Tómassonar eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík var hringt á lögreglustöðina kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 1976 og tilkynnt, að slys hefði orðið í vinnuvél í norðausturhluta Stapafells (í Gullbringusýslu). Lögreglumenn fóru á slysstað, og var þar sjúkrafreið komin. Segir í skýrslunni, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að Payloader Caterpillar 944, hjólaskóflu með húsi, hafi verið ekið út af 7 til 8 m háum malarvegi og lent á toppi hússins með þeim afleiðingum, að húsið lagðist saman, en hjólaskóflan staðið á hjólunum, er að var komið. Stjórnandi vélarinnar, stefnandi í máli þessu, hafi legið þversum í húsinu og hafi þurft að skera húsið af með logsuðutækjum til að ná honum út. Hann hafi verið með rænu og kvartað undan eymslum í hægri mjöðm, hægri fæti og báðum handleggjum og lítið sár verið á enni hægra megin. Stefnandi var fluttur á Sjúkrahúsið í Keflavík og þaðan strax á Borgarspítalann í Reykjavík. Gerður var vettvangsuppdráttur. John Hill rannsóknarlögreglumaður athugaði vettvang og tók ljósmyndir. Starfsmenn Öryggiseftirlits ríkisins, sem kvaddir voru á staðinn, skoðuðu vélina.

Í skýrslu John Hill segir m.a. svo: „Hjólaskóflan virtist hafa verið við vinnu nokkuð hátt uppi í fellinu. Henni hafði síðan verið ekið eftir veginum áleiðis niður. Af einhverjum ástæðum virðist sem stjórnandi skóflunnar hafi ætlað að stöðva hana með því að setja skófluna niður, en þá virðist sem skóflan hafi verið komin á allmikla ferð. Þegar mótstaða myndaðist framan við skúffuna, þá hefur hjólaskóflan snúist í svo til hálfhring og runnið síðan afturábak út af vegkantinum með þeim afleiðingum að hún valt.“

Samkvæmt vettvangsuppdrætti er vegurinn upp í Stapafell, þar sem slysið varð, um 8 metra breiður og hallinn u.þ.b. 25° frá suðri til norðurs. Hjólför eftir hjólaskófluna liggja frá hægri vegarbrún að malarbingi í útskoti vinstra megin vegarins og þaðan skáhallt um 20 metra leið að hægri vegarbrún. Þar, 7 til 8 metrum lægra og nokkru norðar, er hjólaskóflan sýnd og snýr framendi að veginum.

Í skýrslum Öryggiseftirlits ríkisins segir, að hjólaskóflan, Caterpillar 944, árg. 1963, hafi verið skoðuð, þar sem hún var á leið af slysstað á verkstæði, og greinir svo frá niðurstöðu skoðunarinnar: „Reyndir voru hemlar og stýrisbúnaður. Hemlun var nánast engin. Hlaup var í stýrisbúnaði sem gæti orsakað erfiðleika í stjórnun á mikilli ferð. Búið var að logskera stjórnhúsið af. Stjórnandinn, Símon Björnsson, var réttindalaus á hjólaskóflu.“

Hér fyrir dómi gáfu skýrslur aðiljar málsins og vitnin Guðmundur Helgi Adólfsson vélaviðgerðarmaður, Laufskálum 5, Hellu, Rangárvallasýslu, og Pétur Sigurbjörnsson verkamaður, Arnarhrauni 8, Grindavík. Þeir höfðu einnig allir nema stefndi Jón Tómasson gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Verður nú greint frá framburðum þeirra:

Stefnandi kvaðst frá því um mánaðamót apríl-maí 1975 hafa verið starfsmaður hjá fyrirtæki, sem hann taldi hafa verið kallað Vélaleiga Guðmundar Gestssonar og starfsemi þess verið fölginn í vélaleigu, malarnámi, efniskeysrlu og fleiru. Stefnandi Guðmundur Gestsson hafi annast kaupgreiðslur og framkvæmdastjórn á vinnustað og Guðmundur Helgi Adólfsson verið verkstjóri og verkstæðismaður. Starf sitt kvað stefnandi hafa verið fölgandi í því að moka mól með Caterpillar 944 ámokstursskólflu í námu í Stapafelli á Reykjanesskaga. Þegar vantaði efni, hafi stefnandi Guðmundur Gestsson eða Guðmundur Helgi Adólfsson farið með ýtu ofarlega í fellið, losað upp jarðveg og ýtt fram af brún niður að rótum fellsins. Þar niðri í stórrí gryfju var hjólaskóflan, sem stefnandi vann á, er slysið varð. Með henni var lausu efninu mokað á vörubifreiðar, og sáu bifreiðastjórnarnir um að moka á sína bíla. Hjólaskóflunni var við þessa notkun ekið á takmörkuðu svæði og mjög stuttar vegalengdir. Henni var ekið að skriðunni, skóflan fyllt, ekið til baka 5-10 metra og síðan að vörubifreiðinni og efninu losað. Við þessa notkun þurfti ekki að nota hemla en glussagírskipting notuð sem hemlar. Stefnandi kvaðst hafa vitað, að hemlar ámokstursskóflunnar voru lélegir - bilaðir - og höfðu verið í nokkrar vikur fyrir slysið. Skóflan hafi einnig verið notuð til að slétta úr efni í húsgrunnum og í þeim tilvikum verið ekið sjálfri á viðkomandi stað, en um vorið 1976 hafi hún svo til eingöngu verið í gryfjunni í Stapafelli eða í malarnámi í Svartsengi. Hann kvaðst ekki hafa kvartað við stefnda Guðmund Gestsson eða Guðmund Helga Adólfsson yfir hemlunum. Hann skýrði svo frá, að hann og starfsfélagi hans, Pétur Sigurbjörnsson, hefðu báðir unnið á verkamannataxta, en verkstjórnin aðallega verið fölginn í því, að þeim var komið af stað á morgnana og sagt, hvað þeir ættu að gera, en í aðalatriðum hafi þeim verið treyst fyrir framkvæmdinni, án þess að verkstjóri væri „yfir þeim“. Í umrætt sinn hafi þeir Pétur verið að aka efni í plan fyrir framan flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Þar sem af hálfu móttakanda hafi verið beðið um einn eða tvo bílfarma af grófara efni en þeir höfðu komið með úr gryfjunni, hafi þeir farið mjög ofarlega í Stapafellið og stefnandi mokað grófu efni á bifreið Péturs. Þetta hafi verið hægra megin við veginn, þegar ekið er upp, en ýtt hafi verið af svæði vinstra megin við veginn í sömu eða svipaðri hæð. Ýtan hafi ekki verið þar daginn sem slysið varð. Kvaðst hann aldrei áður hafa farið upp í fellið til að moka efni. Hann kvað stefnda Guðmund yfirleitt hafa tekið við efnispöntunum og ákveðið, hvað skyldi afgreitt, og kvaðst hann halda, að Guðmundur hefði vitað, að það mundi vanta grófara og sandlausara efni í eitt horn plansins við flugstöðvarbygginguna, og réð það af því, að hann hefði verið búinn að segja honum, að ef vantaði efni, mætti hann fara og sækja það upp í Stapafellið. Stefnandi skýrði svo frá atvikum að

slysinu, að strax er Pétur hafði ekið brott, fór hann á hjólaskóflunni áleiðis niður, en rétt eftir að hann lagði af stað, hrökk hún úr drifgír og fór því að renna hraðar. Ekki gat hann hemlað, þar sem hemlarnir reyndust ekki koma að neinu gagni. Stýrisbúnaður hafði einnig verið í ólagi, en verið lagfærður skömmu fyrir slysið, þó ekki til fulls, og kom fram sá galli á leiðinni niður brekkuna, að hjólin slógust til vegna hlaups eða slits í stýriliðum. Skúffa skóflunnar var í akstursstöðu, þ.e. rétt ofan við jarðveginn. Stefnandi beygði út af vinstra megin til að reyna að stöðva skófluna, en þá snerist hún við og kastaðist út af veginum hægra megin. Við það valt skóflan eina veltu og staðnæmdist síðan á hjólunum. Hann kvað hafa verið nokkuð algengt, að skóflan hrykki úr gír, þegar hún fór að hrossast. Hann kvaðst ekki hafa reynt að hægja ferðina með því að setja skófluarmana niður, enda teldi hann það ekki mundu hafa komið að gagni. Lokað stýris-hús hafi verið á skóflunni og hafi hann ekki séð nein færi á að komast út úr henni, er hún rann niður Stapafellið.

Stefndi Guðmundur Gestsson skýrði svo frá, að um nokkurt árabíl hefðu þeir stefndi Jón Tómasson rekið saman fyrirtæki til vélaleigu og jarðefnis-sölu. Hann kvað þá Jón Tómasson hafa verið jafngilda aðilja varðandi eignaraðild, en félagsform hafi ekki verið á rekstrinum. Sum tækin hafi þeir átt alfarið hvor um sig, en hjólaskófluna, sem um ræðir í málinu, hafi þeir átt saman. Hann kvaðst hafa starfað einn sem framkvæmdastjóri fram yfir þann tíma, er slysið varð. Hann hafi oftast tekið við efnispöntunum, en einnig hafi stundum verið pantað hjá bifreiðastjórunum, stefnanda sem öðrum, og þeir þá mátt afgreiða samkvæmt því. Mannskapurinn hjá fyrirtækinu hafi verið ágætur og unnið að ýmsu leyti sjálfstætt. Hann skýrði svo frá, að umrædd hjólaskólfa hefði verið aðalámokstursskófla fyrirtækis-ins. Hún hefði sjaldan verið notuð í námunni í Svartsengi, en komið hefði fyrir, að hún væri notuð til annars, t.d. að slétta uppþyllingar í húsgrunnum, og þá verið ekið á staðinn. Hann kvaðst hafa vitað eins og allir aðrir, sem unnu hjá fyrirtækinu, þó ekki stefndi Jón Tómasson að hann hélt, að hemlarnir á hjólaskóflunni voru ekki allt of góðir og hefði sennilega verið svo alla tíð. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa vitað af sérstakri bilun, en hemlarnir hefðu verið þannig, að ekki var unnt að snögghemla. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að stýrisbúnaður hefði verið bilaður, en minnti, að einhver viðgerð hefði nýlega verið framkvæmd á verkstæði fyrirtækisins. Hann taldi, að hjólaskóflan hefði ekki verið skráningarskyld, enda keypt óskráð af fyrri eiganda. Hann kvað hjólaskóflunni aldrei áður hafa verið ekið upp á Stapafellið, svo hann vissi, og kvaðst alls ekki hafa sagt stefnanda, að hann mætti fara á henni og ná í efni upp í fellið, enda ekkert vitað um, að þurfa mundi gróft efni á Keflavíkurflugvöll, þangað sem stefnandi og Pétur voru að aka. Þá staðfesti hann þá lýsingu á

almennri aðferð við efnistöku, sem greinir hér að framan við lýsingu fram-
burðar stefnanda.

Stefndi Jón Tómasson skýrði svo frá, að hann hefði haft umráð yfir malarnámi í hluta Stapafells. Til samstarfs hefði komið með honum og stefnda Guðmundi Gestssyni í aðalatriðum þannig, að sjálfur lagði hann til land og efnistökurétt og sumt af tækjum, en Guðmundur önnur tæki. Þeir hafi átt saman vörubifreiðar, en Guðmundur verið einn eigandi að umræddri hjólaskóflu. Hann kvað félag ekki hafa verið stofnað um reksturinn, sem hófst árið 1972 og stóð fram á árið 1977, en rekstursreikningur gerður árlega, þar sem fram komu afskriftir vegna allra tækja, sem voru notuð við reksturinn. Rekstursreikningarnir hafi síðan fylgt framtölum þeirra Guðmundar Gestssonar og tapinu skipt á milli þeirra. Hann kvað stefnda Guðmund hafa stjórnað framkvæmdum alfarið og haft allar fjárreiður með höndum, en sjálfur hefði hann aðeins séð um að gera rekstursreikninga. Kvaðst hann ekki hafa haft neina vitneskju um ástand þeirra tækja, sem voru notuð við reksturinn. Stefndi skýrði svo frá, að miðað við það, sem fram hefði komið í málinu, gæti hann fullyrst, að þar sem stefnandi náði í efni í umrætt sinn, hafi verið á landsvæði, sem stefndi hafði ekki umráð yfir. Stefnandi hafi tæplega getað gert sér grein fyrir nákvæmum landamærum, en hins vegar stefndi Guðmundur Gestsson, enda hafi það verið í verkahring hans eða Guðmundar Helga Adólfssonar að ýta efni niður til bifreiðastjóranna, þegar þörf var á.

Vitnið Guðmundur Helgi Adólfsson kvaðst hafa starfað við umræddan rekstur svo til allan tímann, verið verkstjóri árið 1975 og 1976, annast viðgerðir á tækjum og bifreiðum og unnið við að ýta efni fram af Stapafellinu og aðallega séð um hið síðasttalda, um það leyti sem slysið varð. Hann kvaðst telja ólíklegt, að stefndi Guðmundur Gestsson hefði sagt stefnanda, að hann gæti farið með skófluna upp í Stapafellið og náð í grófara efni, ef þyrfti, og væri honum ekki kunnugt um, að bifreiðastjórnarnir hefðu í annan tíma farið upp í fellið með hjólaskóflu að sækja efni. Hann kvað umrædda hjólaskóflu hafa verið í ágætu lagi, er slysið varð, að því undanskyldu, að hemlarnir voru lélegir, eins og öllum, sem unnu með skóflunni, hafi verið ljóst. Ekki hafi verið unnt að snögghemla. Eftir slysið hafi komið í ljós, að hemlaskál var brotin, en það gæti hafa gerst við slysið, þótt hún bæri með sér að hafa verið léleg og slitin fyrir. Eftir slysið hafi einnig komið í ljós, að hemlakjálki var brotinn að framan, að hann minnti hægra megin, en þetta hafi ekki verið nýtt brot. Af þessum sökum hafi hemlarnir ekki virkað nema að hálfu leyti þeim megin, sem brotið var. Hann kvaðst hafa vitað, að hemlarnir tóku verr í öðru megin, og svo hefði einnig verið um stefnanda. Hann kvað ástand hemlanna ekki hafa komið að sök alla jafna, þegar unnið var með skóflunni á sléttu plani og glussaskiptingin dugði til

að draga nægilega úr ferð. Hann kvað hjólábúnaðinn hafa verið í lagi að öðru leyti en því, að hlaup (slit) var í upphengju í stýrisbúnaði, án þess að það kæmi að sök við venjulega notkun, en hins vegar við akstur með ámokstursskóflunni á undan. Hann hefði ekki talið óhætt að aka hjólaskóflunni upp á fellið öðru vísi þá en að bakka aftur niður. Allir starfsmennirnir hafi haft meirapróf bifreiðastjóra, sem heimilaði þeim að aka hjólaskóflu, en hins vegar enginn haft skírteini, sem heimilaði að vinna með slíkum tækjum.

Vitnið Pétur Sigurbjörnsson kvaðst hafa unnið við umræddan rekstur u.þ.b. hálf t.árið 1976 sem tækjamaður og bifreiðastjóri. Hann kvað töluvert slit hafa verið í hjólaskóflunni, sem um ræðir í málinu, svo sem í stýrisbúnaði og hemlun verið lítil, þó að þessa gætti ekki mjög inni í gryfjunni. Hann skýrði svo frá, að daginn fyrir slysið hefðu þeir, sem tóku við efni, sem hann og stefnandi unnu við að aka í plan við flugstöðvarbygginguna á Keflavíkflugvelli, látið þá vita, að það vantaði einn bílfarm af grófara efni. Þeir hafi þá um kvöldið látið stefnda Guðmund vita af þessu og hann hafi beðið þá að reyna að finna grófara efni. Allnokkru áður hafi Guðmundur sagt vitninu, stefnanda og fleirum, að gróft efni væri upp í Stapafellinu og væri eftir að ýta því niður. Hann skýrði svo frá, að ýtan hefði ekki verið uppi í fellinu í umrætt sinn, og kvað sig minna, að hún hefði verið biluð. Hann kvaðst ekki hafa getað ímyndað sér, að gróft efni væri annars staðar en uppi í fellinu, enda hafi ekki verið annað en finn salli í gryfjunni. Hann kvað verkstjóra yfirleitt aldrei hafa verið þarna á svæðinu. Hann kvaðst ekki minnst þess, að stefndi Guðmundur hefði sagt honum, að hann mætti fara með hjólaskófluna upp í fellið að sækja gróft efni, ef vantaði.

Dómarinn og lögmenn aðilja hafa farið á vettvang og athugað aðstæður.

III.

Hinn 15. nóvember 1979 mat Jón Guðgeirsson lækni örorku stefnanda vegna slyssins. Í niðurlagi örorkumatsins segir svo:

Ályktun: Um er að ræða 28 ára gamlan mann, sem slasaðist fyrir þrem og hálfu ári síðan, er hann var að vinna á ámoksturstæki, en það steypist fram af háum kanti. Hann hlaut brot á hægri framhandlegg, brot á vinstri upphandlegg, auk þess þrjú rifbrot og brot á pelvis. Erfiðlega gekk að fá handleggsbrotin til að gróa og varð að gera aðgerðir hvað eftir annað. Nokkru eftir að Rushpinni var fjarlægður úr hægri framhandlegg og Küntscher-nagli var fjarlægður úr vinstri upphandlegg í júlí 1976 hlaut hann refracturu bæði á hægri handlegg og vinstri upphandlegg. Hann var því settur aftur í gips og í september 1976 gerð resectio capitulum radii dxt.

Slasaði gat byrjað að vinna að einhverju leyti í mars 1977, var síðan aftur

frá vinnu af völdum slyssins frá 21.04. 1978-09.07. 1978. Afleiðingar slyssins eru skert hreyfigeta í hægri olnboga og snúningsgeta í hægri framhandlegg. Radialis-lömunareinkenni, sem slasaði hafði frá upphafi vinstra megin virðast alveg horfin, nema hvað hann kvartar um hvað hann eigi erfitt með að stjórna IV. og V. fingri vinstri handar, að öðru leyti hefur hann enginn einkenni upp á skaða á nervus radialis.

Þar sem ekki er að búast við frekari bata en orðinn er, þykir tímabært að meta nú bæði þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og telst hún hæfilega metin, sem hér greinir:

Frá slysdegi til 14.03. 1977	100%
eftir það til 14.05. 1978	50%
eftir það til 09.07. 1978	100%
eftir það í tvo mánuði	50%
eftir það í tvo mánuði	20%
eftir það varanlega	10%“

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur á grundvelli þessa örorkumats þrívægis reiknað út örorkutjón stefnanda, síðast hinn 26. nóvember sl.

Tryggingafræðingurinn hefur umreiknað laun, sem stefnandi aflaði sem stjórnandi stórvirkra vinnuvéla síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir þau störf. Við síðustu útreikningana voru notaðar tvær mismunandi aðferðir við áætlun vinnutekna og nokkrar mismunandi vaxtaforsendur um liðinn tíma, en um ókomin ár notaðar fjórar mismunandi vaxtaforsendur.

Niðurstaða tryggingafræðingsins samkvæmt þeirri aðferð, sem lögmaður stefnanda lýsti yfir við munnlegan máflutning, að dómkröfur væru reistar á, er þannig:

„Ársvextir allan tímann	5%
v/tímab. örorku	189.097.-
v/varanl. “ til 1.12.81	71.372.-
v/varanl. “ síðan	171.742.-
	<hr/>
	432.211.-“

Þá upplýsir tryggingafræðingurinn, að stefnandi hafi fengið greidd laun til 3. júlí 1976, dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 4.7. 1976 til 14.3. 1977 kr. 4.777,60 og tímabilið frá 5.4. til 9.7. 1978 kr. 3.491,34 og loks greiðslu hinn 14.12. 1979 að fjárhæð kr. 2.458,00 með vöxtum vegna sammingsbundinnar slysatryggingar launþega.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn, sem sýna, að stefndi Guðmundur keypti umrædda hjólaskóflu árið 1974 (dskj. nr. 26), að hún er talin eign beggja stefndu, þ.á m. varðandi frádráttarbæra fyrningu, samkvæmt fylgiskjölum með skattframtölum vegna árána 1975 og 1976 (dskj. 9, 10 og 36) og að þeir eru báðir tilgreindir seljendur við afsal hennar árið 1977 (dskj. nr. 37).

Undir rekstri málsins var leitað úrskurðar dómsmálaráðuneytisins skv. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 um það, hvort hjólaskófla af gerðinni Caterpillar 944, árgerð 1963, teljist skráningarskyld ökutæki í skilningi 11. gr. umferðarlaga. Í svarbréfi ráðuneytisins er að meginefni vísað til upplýsinga Bifreiðaæftirlits ríkisins og bæjarfógetans í Keflavík þess efnis, að umrædd hjólaskófla hafi ekki verið skráð fremur en aðrar skóflur svipaðrar gerðar. Þegar hún hafi verið flutt til landsins, hafi ekkert legið fyrir um, að hún teldist skráningarskyld. Hraðamælingar liggi ekki fyrir og verði ekki framkvæmdar, þar sem ökutækið sé ógangfært.

Af hálfu stefnanda var lögð fram prentuð lýsing „Caterpillar 944 Wheel Loader,“ þar sem hámarkshraði er tilgreindur 47,2 km/klst.

IV.

Bótakröfur stefnanda eru byggðar á 67. gr. umferðarlaga og hinni almennu skaðabótareglu. Stefndu beri bæði sem eigendur að vinnutæki því, sem hér um ræðir, og sem vinnuveitendur stefnanda skaðabótaábyrgð á slysinu. Vinnutækið hafi verið vanbúið að ýmsu leyti. Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins hafi komið fram við skoðun vélarinnar, að hún var nánast hemlalaus, og hlaup var í stýrisbúnaði, en samkvæmt 6. gr. umferðarlaga skuli vera stýris- og hemlabúnaður, að sjálfsögðu í fullkomnu lagi, í hverri vinnuvél. Orsök slyssins verði fyrst og fremst rakin til vanbúnaðar á stýris- og hemlabúnaði. Þá verði að telja, að ófullnægjandi verkstjórn hafi verið meðorsök að slysinu, en í málinu hafi komið fram, að engin verkstjórn var á vinnustað til að leiðbeina starfsmönnum og segja fyrir um, hvernig staðið skyldi að verkinu.

Sýknukrafa stefnda Guðmundar Gestssonar er byggð á eftirfarandi: Ábyrgðarregla 67. gr. umferðarlaga eigi ekki við, þar sem umrædd hjólaskófla hafi ekki verið skráningarskyld. Vanbúnaður á stýris- og hemlabúnaði stafi ekki af saknæmri athöfn eða athafnaleysi stefnda, enda hafi ekki þurft að nota hemla við mokstur og hafi þeir verið eins góðir og þörf krafði miðað við þann stað og það verk, sem vinna skyldi með hjólaskóflunni. Reglur um húsbóndaábyrgð eigi ekki við, þar sem þær snúi að ábyrgð húsbænda á athöfnum starfsmanna sinna gagnvart þriðja aðilja. Eins og staðið

hafi verið að verki við efnistöku, hafi ekki verið þörf fyrir verkstjóra á staðnum. Vörubifreiðastjórnarnir hafi ekki þurft neinar leiðbeiningar og stefndi (sic) að auki verið þaulvanur vinnustaðnum.

Krafa stefnda Guðmundar Gestssonar um lækkuð dómkrafna er byggð á eftirfarandi: Verði bótaskylda felld á hann á grundvelli 67. gr. umferðarlaga, beri jafnframt að taka tillit til 3. mgr. greinarinnar og lækka fébætur eða fella þær niður vegna eigin ábyrgðar tjónþola á slysi eða tjóni. Verði bótaskylda felld á stefnda samkvæmt almennu skaðabótareglunni, beri einnig að taka tillit til þess, að stefnandi kunni að vera meðvaldur að slysinu, en sú skoðun sé rökstudd með: a) Stefnandi viðurkenni að hafa vitað, að hemlar hjólaskóflunnar voru lélegir. b) Stefnandi hafi ekið hjólaskóflunni út af vinnusvæðinu og upp á Stapafell, sem hafi verið algjörlega óheimilt og óþarft og á ábyrgð og áhættu hans sjálfs. Í stað þess að aka vélinni upp á fjallið hefði átt að láta stefnda Guðmund Gestsson eða Guðmund Helga Adólfsson vita, að grófara efni vantaði. c) Að öðru leyti er kröfunum mótmælt sem allt of háum, órökstuddum og ósönnuðum.

Sýknukrafa stefnda Jóns Tómassonar, er byggð á eftirfarandi: Stefndi hafi ekki verið eigandi hjólaskóflunnar og beri því að sýkna hann, þótt einhver bótagrundvöllur væri úr hendi eiganda hennar, sem hafi verið stefndi Guðmundur. Hlutlæg ábyrgð samkvæmt 67. gr. umferðarlaga eigi ekki við í málinu, enda sé umrætt tæki flokkað sem vinnuvél samkvæmt orðskýringum 2. gr. umferðarlaga og vinnuvélar séu ekki nefndar í tæmandi upptalningu 11. gr. umferðarlaga á skráningarskyldum ökutækjum. Ákvæðið eigi ekki heldur við um slysið, sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaganna. Reglur um húsbóndaábyrgð vegna ófullnægjandi verkstjórnar eigi ekki við, þar sem stefnandi hafi ekki, er slysið varð, verið að vinna verk, sem húsbændur hans höfðu falið honum. Stefnandi hafi ekki sinnt fyrir mælum um, hvernig honum bæri að haga sér, ef vantaði annað efni en það, sem var í gryfjunni í það og það sinnið. Því er mótmælt, að hemlar og stýrisgangur vélarinnar hafi verið í lakara lagi en venjuleg notkun hennar gaf tilefni til, og vakin athygli á því, að skoðun Öryggiseftirlitsins hafi verið framkvæmd eftir „gandreid“ stefnanda og a.m.k. heila veltu. Stefnandi hafi með leyfislausum, of hröðum og gáleysislegum akstri tekið áhættu á eigin ábyrgð og beri hann einn alla ábyrgð á tjóni sínu.

Af hálfu stefnda Jóns Tómassonar er einnig vísað til framangreindra raka um eigin sök stefnanda til stuðnings kröfu um verulega lækkuð bótakrafna, sem að auki sé allt of háar og órökstuddar. Vaxtakröfu er mótmælt sérstaklega og því haldið fram, að vexti ætti einungis að dæma frá stefnubirtingardegi. Að lokum er vakin athygli á því, að ekki sé sjálfgert að dæma stefndu solidarískt til greiðslu bóta, þar sem ekki séu að öllu sömu málsástæður hjá þeim báðum.

Það er álit dómsins, að ekki hafi verið leitt í ljós, að umrædd hjólaskófla hafi verið skráningarskyld. Það verður ekki talið eðlilegt eða venju samkvæmt, að verkstjóri sé á efnistökusvæðinu, en að auki verður stefnandi talinn hafa farið út fyrir verksvið sitt og starfssvæði í umrætt sinn. Stefnandi var vanur starfsmaður stefndu og vissi um þá ágalla hjólaskóflunnar - að hrökkva úr gír og hemla illa -, sem virðast hafa verið hin beina orsök slyssins, en sem komu ekki að sök við venjulega notkun. Efnistökuferð stefnanda upp í Stapafellið, sem var glæfraleg miðað við aðstæður, var leyfislaus og án tilefnis af hálfu stefndu eða starfsmanna þeirra. Fram hefur komið, að betra hefði verið að bakka aftur niður og enn öruggari aðferðir eru næsta augljósar. För þessi þykir því hafa verið á eigin ábyrgð og áhættu stefnanda, og hefur ekki verið sýnt fram á, að réttarreglur leiði til ábyrgðar stefndu á því tjóni, sem af slysinu hlaut.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu og fella framangreinda löghaldsgerð úr gildi. Rétt þykir þó, að hver aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur Gestsson og Jón Tómasson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Símonar Björnssonar, í máli þessu, og er framangreind löghaldsgerð úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Löghaldsgerð fógetaréttar Keflavíkur og Njarðvíkur 9. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 9.11., var fógetaréttur Keflavíkur, Njarðvíkur, settur að Brekkustíg 21, Njarðvík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Valtý Sigurðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 162/1978: Löghaldsbeiðni Símonar Björnssonar gegn Guðmundi Gestssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Hilmar Ingimundarson hrl. og leggur fram nr. 1, löghaldsbeiðni og nr. 2, lögreglurannsókn, nr. 3 ljósmyndir, nr. 4, bankatryggingu. Skjölin fylgja. Gerðarbeiðandi krefst löghalds til tryggingar skaðabótum allt að kr. 5.000.000 auk 13% ársvaxta frá 25.5. 1976 til 21.11. 1977, en 16% frá þeim degi til 20.2. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, málskostnaðar að skaðlausu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmáls og uppboð, ef til kemur (sic.)

Gjörðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Hafdís Hreiðarsdóttir, sem þar býr.

Skoraði fógæti á mættu að benda á eignir gjörðarþola til löghalds og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Mætta bendir á eftirtalda húseign til löghalds, húseignina að Brekkustíg 21, Njarðvík.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti lýsti yfir því, að hann gerði löghald í húseigninni Brekkustíg 21, Njarðvík, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir mættu að tilkynna gjörðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu löghaldna á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gjörð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 100/1985. **John Anton Furrow**

gegn

Jennie Furrow

Kærumál. Synjað kröfu um töku bús til opinberra skipta. Alþjóðlegur einkamálaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 1. apríl 1985 með heimild í 21. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 24. apríl. Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu varnaraðilja um, „að bú hennar og sóknaraðila John Anton Furrow verði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðar“.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Aðiljar þessa máls gengu fyrir vígslumann í Alaska 1976 og voru lýst hjón. Hinn 6. febrúar sl. var kveðinn upp dómur í Alaska, þar sem því er lýst, að „svonefndur hjúskapur“ þeirra hafi verið ógildur frá upphafi. Dóm þennan verður að leggja til grundvallar í máli